

Margrét Lilja Gunnarsdóttir

Frá: Innri Endurskoðun
Sent: fimmtudagur, 17. september 2020 16:40
Til: Margrét Lilja Gunnarsdóttir; Sigurður Páll Óskarsson
Efni: SV: Yfirlit RHS varðandi einstök innkaup yfir 1,0m.kr. frestað á fundi innkaupa- og framkvæmdaráðs 17. september. 2020

Sæl,

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar sinnir innri endurskoðunarþjónustu fyrir OR og dótturfélög hennar eins og almennt gildir um fyrirtæki innan B hluta Reykjavíkurborgar. Innri endurskoðun fær greitt fyrir kostnað sem hlýst af verkefnum og sendir IER reikninga um 2x á ári vegna þessa. Sum verkefni eru unnin í samvinnu við ytri aðila (co-sourcing) þannig að IER kaupir þjónustu ytri ráðgjafa sem vinna með starfsfólki IER. Í umræddu verkefni var nauðsynlegt að kaupa ráðgjöf verkfræðinga og var leitað til Intellecta.

með kveðju

Hallur Símonarson
innri endurskoðandi

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar
Tjarnargötu 12
Sími: 411-4601 /farsími: 693-9301
netfang: hallur.simonarson@reykjavik.is
http://www.reykjavik.is

Frá: Margret.Lilja.Gunnarsdottir@reykjavik.is <Margret.Lilja.Gunnarsdottir@reykjavik.is>
Sent: fimmtudagur, 17. september 2020 16:23
Til: Sigurður Páll Óskarsson <sigurdur.pall.oskarsson@reykjavik.is>; Innri Endurskoðun <innriendurskodun@reykjavik.is>
Efni: Yfirlit RHS varðandi einstök innkaup yfir 1,0m.kr. frestað á fundi innkaupa- og framkvæmdaráðs 17. september. 2020

Tilvísun í mál: R20010055

Vt. Fjármálastjóri miðlægrar stjórnsýslu og innri endurskoðun

Á fundi innkaupa- og framkvæmdaráðs þann 17. september 2020 var lagt fram yfirlit skrifstofa miðlægra stjórnsýslu dags. 4. september 2020, varðandi einstök innkaup yfir 5,0 m.kr. tímabilið 202004- 202006, með vísan til 7. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Innkaupa- og framkvæmdaráð frestaði afgreiðslu yfirlitsins og óskar svara eftirfarandi:

Af hverju er Reykjavíkurborg er að greiða fyrir ráðgjöf vegna úttektar á viðhaldsstjórnun virkjanna hjá Orku náttúrunnar - IE20030003 og úttekt á viðhaldsstjórnun virkjana hjá Orku náttúrunnar mars og apríl 2020?

Virðingarfyllt
F.h. Innkaupa- og framkvæmdaráðs

Margrét Lilja Gunnarsdóttir
Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar